

Öryggi hjólandi vegfarenda

Á þjóðvegum landsins

Rannsóknarverkefni



VERKNÚMÉR: 86038-014	DREIFING:
SKÝRSLA NR:	<input checked="" type="checkbox"/> Opín
DAGS: 2017-06-06	<input type="checkbox"/> Lokuð til
BLAÐSÍÐUR: 23	<input type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
UPPLAG:	

HEITI SKÝRSLU:

Öryggi hjólandi vegfarenda á þjóðvegum landsins

HÖFUNDAR:

Anna Guðrún Stefánsdóttir
Berglind Hallgrímsdóttir
Hallbjörn R. Hallbjörnsson

VERKEFNISSTJÓRI:

Anna Guðrún Stefánsdóttir

UNNIÐ FYRIR: VEGAGERÐIN

Unnið með stuðningi rannsóknarsjóðs
Vegagerðarinnar

SAMSTARFSADILAR:

Vegagerðin
Trafkon AB

ÚTDRÁTTUR:

Hjólreiðar hafa aukist mjög á síðustu árum á Íslandi og má rekja það til lífsstílsbreytinga Íslendinga sem og fjölgun ferðamanna. Með þessum lífsstílsbreytingum hafa komið fram hjólreiðakeppnir sem fram fara á þjóðvegum. Þessum keppnum hafa svo fylgt æfingar sem líka fara að sumu leiti fram á þjóðvegum. Fylgífiskur aukinna hjólreiða er líka aukin tíðni hjólreiðaslysa. Markmið þessarar rannsóknar var að skoða fyrirkomulag umferðaröryggis í stærri hjólreiðakeppnum, meta við hvaða aðstæður hjólreiðafólk sem hjóla á þjóðvegum landsins vilja hjóla, leggja mat á hvaða þættir geta haft áhrif á óhöpp/slys á meðal hjólreiðafólks sem hjóla á þjóðvegum landsins og hvað megi betur gera til að tryggja öryggi hjólreiðafólks í hjólreiðakeppnum og á þjóðvegum landsins. Aðferðin sem var beitt var að senda spurningalista fyrir keppendur í stærri hjólreiðakeppnum á Íslandi þar sem þeir voru spurðir um ofantalda þætti. Hvað varðar hjólreiðakeppnir voru flestir sammála því að vörubílar og rútur voru þeir þættir sem sköpuðu mikla eða mjög mikla hættu fyrir sig á meðan á hjólreiðakeppni stóð (60%). Svarendur voru sammála því að yfirborð vegar og lausamöl skapi mjög mikla hættu fyrir sig á meðan á keppni stóð (40%). Voru margir sem bentu sérstaklega á það að hreinsa þyrfti betur í beygjum. Um 6% keppenda lentu í slysi/óhappi á meðan á keppni stóð og um 18% voru nálægt því að lenda í slysi/óhappi. Flest slys/óhöpp var vegna samstuðs við annað hjólreiðafólk en flestir mátu það sem svo að ökutæki sköpuðu mesta hættu fyrir sig á meðan á keppni stóð. Flestir voru sammála því að skipuleggjendur keppna mættu gera meira til að tryggja öryggi þeirra á meðan á keppni stóð og það mætti auglýsa/kynna betur keppnina, sérstaklega fyrir atvinnubílstjórum. Hvað varðar hjólreiðar í dreifbýli almennt, þá voru flestir á því vöruflutningsbifreiðir og rútur væri það sem skapaði mesta hættu í dreifbýlinu en 88% sögðu að það skapaði mjög mikla eða mikla hættu. Lausamöl á götum og lélegt yfirborð vegar er einnig atriði sem margir telja að valdi mjög mikilli eða mikilli hættu og hafa margir upplifað það sem vandamál. Helst það í hendur við það að flestum svarendum finnst hreinar götur vera mikilvægur þáttur við hjólreiðar í dreifbýli. Um 26% svarenda höfðu lent oftast en einu sinni í slysi við hjólreiðar í dreifbýli. Af þeim slysum, höfðu einungis 13% þeirra verið tilkynnt til lögreglu og eru því skráð niður sem samgönguslys. Um 70% þeirra slysa sem voru alvarlegust, voru fallslys og er það líklega vegna þess hversu algeng þau eru. Niðurstöður úr hjólreiðakeppnum gefa okkur nýja innsýn í hvers konar vandamál við gætum glímt við ef hjólreiðar eiga eftir að aukast mikið. Mætti þá búast við aukningum í fallslysum og samstuði á milli hjólreiðafólks. Með orsakir slysa í dreifbýli í huga liggur fyrir að miklir möguleikar felast í því að fækka slysum á meðal hjólreiðafólks með því að leggja meiri áherslu á viðhald malbiks og hreinsun gatna/vega. Þörfin er kannski ekki á allsherjar hreinsun á þjóðvegum eða sér stígum fyrir hjólandi. Hins vegar þýðir þetta að það megi huga að reglulegu viðhaldi á þeim þjóðvegum þar sem vitað er til að hjólreiðafólk heldur mikið til á. Niðurstöður úr spurningalistanum staðfesta einnig það að hjólreiðaslys eru stórlega vanmetin í árekstrargögnum og má áætla að um það bil 10% þeirra séu til staðar í slysaögnum.

LYKILORÐ ÍSLENSK:

Slysa greining, hjólakeppnir, óvarðir vegfarendur, öryggi hjólandi vegfarenda

LYKILORÐ ENSK:

Accident analysis, bicycle challenge, vulnerable road users, cyclist traffic safety

UNDIRSKRIFT VERKEFNISSTJÓRA:

YFIRFARIÐ AF:

Samantekt

Hjólreiðar hafa aukist mjög á síðustu árum á Íslandi og má rekja það til lífsstílsbreytinga Íslendinga sem og fjölgun ferðamanna. Með þessum lífsstílsbreytingum hafa komið fram hjólreiðakeppnir sem fram fara á þjóðvegum. Þessum keppnum hafa svo fylgt æfingar sem líka fara að sumu leiti fram á þjóðvegum. Einn af fylgifyrirkomulag umferðaröryggis í stærri hjólreiðakeppnum, meta við hvaða aðstæður hjólreiðafólk sem hjóla á þjóðvegum landsins vilja hjóla, leggja mat á hvaða þættir geta haft áhrif á óhöpp/slys á meðal hjólreiðafólks sem hjóla á þjóðvegum landsins og hvað megi betur gera til að tryggja öryggi hjólreiðafólks í hjólreiðakeppnum og á þjóðvegum landsins. Aðferðin sem var beitt var að leggja spurningalista fyrir keppendur í stærri hjólreiðakeppnum á Íslandi þar sem þeir voru spurðir um ofantalda þætti.

Markmið þessarar rannsóknar var að skoða fyrirkomulag umferðaröryggis í stærri hjólreiðakeppnum, meta við hvaða aðstæður hjólreiðafólk sem hjóla á þjóðvegum landsins vilja hjóla, leggja mat á hvaða þættir geta haft áhrif á óhöpp/slys á meðal hjólreiðafólks sem hjóla á þjóðvegum landsins og hvað megi betur gera til að tryggja öryggi hjólreiðafólks í hjólreiðakeppnum og á þjóðvegum landsins. Aðferðin sem var beitt var að leggja spurningalista fyrir keppendur í stærri hjólreiðakeppnum á Íslandi þar sem þeir voru spurðir um ofantalda þætti.

Hvað varðar hjólreiðakeppnir voru flestir sammála því að vörubílar og rútur voru þeir þættir sem sköpuðu mikla eða mjög mikla hættu fyrir sig á meðan á hjólreiðakeppni stóð (60%). Svarendur voru sammála því að yfirborð vegar og lausamöl skapi mjög mikla hættu fyrir sig á meðan á keppni stóð (40%). Voru margir sem bentu sérstaklega á það að hreinsa þyrfti betur í beygjum. Um 6% keppenda lentu í slysi/óhappi á meðan á keppni stóð og um 18% voru nálægt því að lenda í slysi/óhappi. Flest slys/óhöpp var vegna samstuðs við annað hjólreiðafólk en flestir mátu það sem svo að ökutæki sköpuðu mesta hættu fyrir sig á meðan á keppni stóð. Flestir voru sammála því að skipuleggjendur keppna mættu gera meira til að tryggja öryggi þeirra á meðan á keppni stóð og það mætti auglýsa/kynna betur keppnina, sérstaklega fyrir atvinnubílstjórum.

Hvað varðar hjólreiðar í dreifbýli almennt, þá voru flestir á því vöruflytninguþreifi og rútur væri það sem skapaði mesta hættu í dreifbýlinu en 88% sögðu að það skapaði mjög mikla eða mikla hættu. Lausamöl á götum og lélegt yfirborð vegar er einnig atriði sem margir telja að valdi mjög mikilli eða mikilli hættu og hafa margir upplifað það sem vandamál. Helst það í hendur við það að flestum svarendum finnst hreinar götur vera mikilvægur þáttur við hjólreiðar í dreifbýli. Um 26% svarenda höfðu lent oftast en einu sinni í slysi við hjólreiðar í dreifbýli. Af þeim slysum, höfðu einungis 13% þeirra verið tilkynnt til lögreglu og eru því skráð niður sem samgönguslys. Um 70% þeirra slysa sem voru alvarlegust, voru fallslys og er það líklega vegna þess hversu algeng þau eru.

Niðurstöður úr hjólreiðakeppnum gefa okkur nýja innsýn í hvers konar vandamál við gætum glímt við ef hjólreiðar eiga eftir að aukast mikið. Mætti þá búast við aukningum í fallslysum og samstuði á milli hjólreiðafólks. Með orsakir slysa í dreifbýli í huga liggur fyrir að miklir möguleikar felast í því að fækka slysum á meðal hjólreiðafólks með því að leggja meiri áherslu á viðhald malbiks og hreinsun gatna/vega. Þörf er kannski ekki á allsherjar hreinsun á þjóðvegum eða sér stígum fyrir hjólandi. Hins vegar þýðir þetta að það megi huga að reglulegu viðhaldi á þeim þjóðvegum þar sem vitað er til að hjólreiðafólk heldur mikið til á. Niðurstöður úr spurningalistanum staðfesta einnig það að hjólreiðaslys eru stórlega vanmetin í árekstrargögnum og má áætla að um það bil 10% þeirra séu til staðar í slysaögnum.

Þakkir fá aðstandendur WOW-cyclothon og Bláalónsprautarinnar fyrir aðstoð við að dreifa könnuninni.

Höfundar skýrslunnar bera ábyrgð á innihaldi hennar.

Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar eða álit þeirra stofnana eða fyrirtækja sem höfundar starfa hjá.



Efnisyfirlit

Samantekt	ii
Efnisyfirlit	iii
1 Inngangur	1
1.1 Tilgangur og markmið.....	2
2 Aðferðarfræði	3
2.1 Hönnun og fyrirkomulag gagnasöfnunar	3
2.2 Úrtak og svarhlutfall	3
2.3 Mælingar og úrvinnsla gagna	3
3 Fyrirkomulag í erlendum hjólreiðakeppnum	4
3.1 Arctic race of Norway	4
3.2 Vätternrundan i Svíþjóð	4
4 Niðurstöður úr könnun	5
4.1 Hjólreiðakeppnir	5
4.1.1 Öryggistilfinning og öryggi hjólreiðakeppnum á Íslandi	5
4.1.2 Fyrirkomulag í íslenskum hjólreiðakeppnum	7
4.2 Hjólreiðar í dreifbýli	8
4.2.1 Upplifun af hjólreiðum í dreifbýli	9
4.2.2 Fjöldi slysa/óhappa á meðal hjólreiðafólks í dreifbýli.....	13
4.2.3 Notkun öryggisbúnaðar	13
5 Umræða	15
6 Heimildir	17
Viðaukar	18

1 Inngangur

Á undanförunum árum hefur hlutur hjólréiðafólks á höfuðborgarsvæði Íslands aukist mikið (Gallup - Capacent, 2011; Helgadóttir, 2012). Með þessari aukningu þá koma einnig fleiri og mismunandi hópar hjólréiðafólks fram, með fleiri og mismunandi kröfur. Með fleiri og mismunandi kröfum koma einnig fram fleiri hagsmunaárekstrar. Til dæmis hjólar keppni- og æfingahjólréiðafólk frekar í dreifbýli en annað hjólréiðafólk, vill hjóla hraðar og notar hjólið síður til að komast til og frá vinnu (Wennberg, Nilson, & Stigell, 2014).

Með tilkomu aukinnar umferðar hjólréiðafólks hefur einnig orðið aukning í fjölda slasaðra hjólréiðamanna (Samgöngustofa, 2017). Sem dæmi má nefna að fjöldi hjólréiðafólks sem leitaði á slysideildir á Íslandi jókst úr 19 2011 upp í 36 árið 2013 (Vegagerðin, 2013). Umferðaslysaskráning á Íslandi er að mestu leyti úr lögregluskýrslum og frá verktökum tryggingafélaganna og því eru slys þar sem engin önnur ökutæki eiga í hlut¹ lítið eða ekkert tilkynnt (Gunnarsson, Þorsteinsdóttir, & Jónsdóttir, 2016). Samantekt á leiddi í ljós að umferðarslys meðal hjólréiðafólks eru stórlega vanmetin (Jónsson, Mogensen, & Mogensen, 2014). Í samantektinni kemur fram að, að jafnaði leiti um 558 einstaklingar til spítala vegna hjólréiðaslysa en einungis 53 slys eru skráð hjá Samgöngustofu á sama tíma. Sama samantekt sýndi líka að lítil hluti þeirra sem leita á spítalana á Íslandi eftir hjólréiðaslys (1%) séu með alvarlega áverka. Í Noregi er talið að í samgönguslysum þar sem aðeins eitt ökutæki á í hlut, séu einungis 1-5% tilvika tilkynnt (Høye, Elvik, Sørensen, & Vaa, 2012). Þá hafa rannsóknir á slysaskráningu sjúkrahúsa í Svíþjóð og Hollandi sýnt að 75% slysa hjólandi vegfarenda verða án þess að bílar komi við sögu (Niska, Gustafsson, Nyberg, & Eriksson, 2013a; Van Der Horst, De Goede, De Hair-Buijssen, & Methorst, 2014) Samantektin í Svíþjóð sýndi að 7% slysa meðal hjólréiðafólks enda með alvarlegum áverkum og að 70% þeirra slysa séu slys án þess að bíll komi við sögu.

Hjólréiðar hafa ekki bara aukist á höfuðborgarsvæðinu heldur hefur líka orðið talsverð aukning á fjölda hjólréiðafólks sem hjólar á þjóðvegum landsins. Aukningu á fjölda hjólréiðafólks sem hjólar á þjóðvegum má að öllum líkindum rekja til þriggja þátta:

- Aukningu á fjölda ferðafólks sem heimsækir Ísland
- Breyttar lífsstílsvenjur
- Aukning á fjölda fólks sem notar hjólréiðar sem líkamsrækt
- Aukningu á fjölda hjólréiðakeppna á Íslandi

Það hefur verið mikil fjölgun á ferðafólki sem heimsækja Ísland undanförunum árum. (Ferðamálastofa, 2015). Þótt hlutur reiðhjóla sé ekki mikill meðal þeirra (1,3 %) (Maskína, 2014), þá má áætla að þeir sem notist við hjól sem samgöngur í ferð sinni, hjóli meira en minna á þjóðvegum landsins². Þjóðvegur 1 á Íslandi er þó ekki í stakk búinn til að taka á móti hjólréiðafólki. Á löngum köflum er vegurinn ekki með vegaxlir og litlar eða engar öryggisráðstafanir eru fyrir hjólandi vegfarendur. Sem dæmi má nefna að vegstaðlar í Svíþjóð og Noregi gera ráð fyrir aðskilnaði á milli hjóla og bílaumferðar þar sem hraði er orðinn meiri en 60 km/klst. (Statens Vegvesen, 2014; Trafikverket & Sveriges Kommuner og Landsting, 2015).

Einnig hefur færst í vöxt að hjólréiðakeppnir séu haldnar á þjóðvegum landsins. Keppnir eins og WOW-cyclothon, Bláalónsprautin og Gullni hringurinn eru allt keppnir sem fara fram á þjóðvegum að hluta eða öllu leiti. Hjólréiðakeppnirnar ganga yfirleitt fljótt yfir og því ætti álag á þjóðvegina vegna þeirra að vera í samræmi við það. Þó má áætla að stór hluti þeirra sem taka þátt í slíkum hjólréiðakeppnum hjóli á þjóðvegum landsins á undirbúningstímabilinu. Það má geta sér til um að hjólréiðafólki leitist þó eftir því að hjóla á vegum þar sem er lítil umferð.

Aukin umferð hjólréiðafólks á þjóðvegum landsins setur ákveðinn þrýsting á að skoða hvort og hvaða úrlausna er þörf á þjóðvegum og hvernig eigi að framkvæma þær.

¹ E.Single accidents eða SE.Singelolycka, Fall/óhöpp á meðal hjólandi og gangandi vegfarenda, engin aðkoma bíla

² Tæplega 1.800 þús. ferðamenn fóru í gegnum Leifsstöð árið 2016. Má því gera ráð fyrir 23.400 hjólréiðafólki á þjóðvegum.

1.1 Tilgangur og markmið

Undanfarið hefur verið lögð meiri áhersla á hjólainnviði, sér í lagi í þéttbýli, og þar með greiningar á hjólreiðaslysum. Í flestum tilfellum eru hjólreiðaslys skoðuð með tilliti til „meðalhjólreiðamanneskju“ en þau hafa ekki verið skoðuð sérstaklega með tilliti til keppnishjólreiðafólks. Lítið er þó vitað um svokölluðu meðal keppnishjólreiðamanneskju á Íslandi og lítil þekking er á því hvernig keppnishjólreiðafólk á Íslandi upplifir öryggi sitt á þjóðvegum almennt og á meðan hjólakeppni stendur.

Markmið þessa verkefnis var að:

- Skoða fyrirkomulag umferðaröryggis í stærri hjólreiðakeppnum héraðs og hvort það sé sambærilegt við fyrirkomulag í stærri hjólreiðakeppnum erlendis.
- Meta við hvaða aðstæður hjólreiðafólk sem hjóla á þjóðvegum landsins vilja hjóla og við hvaða aðstæður þeim finnst öryggi sínu ógnað.
- Leggja mat á hvaða þættir geta haft áhrif á óhöpp/slys á meðal hjólreiðafólks sem hjóla á þjóðvegum landsins með því að styðjast við gögn frá keppendum í helstu hjólreiðakeppnum landsins.
- Leggja mat á fjölda óhappa/slysa á meðal hjólreiðafólks sem hjóla á þjóðvegum landsins, bæði í keppnunum sjálfum sem og á undirbúningstímabili.
- Meta hvað hvað sé vel gert/megi betur gera til að tryggja öryggi hjólreiðafólks í hjólreiðakeppnum á þjóðvegum landsins.

2 Aðferðarfræði

2.1 Hönnun og fyrirkomulag gagnasöfnunar

Til að ná fram settum markmiðum var ákveðið að fara í rannsókn á meðal hjólreiðarfólks. Þessi rannsókn byggir á gögnum sem voru fengin með því að senda spurningalista á hjólreiðafólk sem tekið hafði þátt í hjólreiðakeppnum á Íslandi. Spurningalistinn sem var notaður, er byggður á samskonar spurningalista sem sendur var á keppendur í stórri hjólreiðakeppni í Svíþjóð.

Í gegnum tölvupóst og síma var haft samband við skipuleggjendur og mótshaldara í stærstu hjólreiðakeppnum á Íslandi og leitast eftir samstarfi við þá. Samþykki fékkst hjá þremur mótshöldurum gegn því að þeir fengju að sjá spurningalistann fyrirfram. Áður en spurningalistinn var sendur á mótshaldara var hann lagður fyrir vel valið hjólreiðafólk og það beðið um að gefa sitt álit og koma með ábendingar. Spurningalistinn var síðan lagður upp á vef Surveymonkey.com og hlekkurinn inn á spurningalistann sendur á mótshaldara og þeim gefinn kostur á að koma með athugasemdir ef einhverjar væru. Að lokum sáu mótshaldararnir um að dreifa hlekknum að könnuninni ásamt fylgitexta um tilgang könnunarinnar.

Í Bláalónsprautinni var listinn ekki sendur út á netföng keppenda en var auglýstur á heimasíðu keppinnar. Wow-Cyclothon sendi spurningalistann beint út á keppendur. Þriðji og síðasti mótshaldarinn brást ekki við ítrekunum og sendi spurningalistann aldrei út.

2.2 Úrtak og svarhlutfall

Erfitt er að segja til um nákvæmt úrtak þar sem í mörgum tilfellum gæti spurningalistinn hafa ratað í hendur á sömu manneskju (ef sú manneskja tók þátt í fleiri en einni keppni). Einnig er erfitt að segja til um nákvæmt svarshlutfall af sömu ástæðu en ekki var unnt að fá lista yfir þátttakendur frá mótshöldurum.

Að endingu voru um 465 sem svöruðu spurningalistanum (N = 465).

2.3 Mælingar og úrvinnsla gagna

Könnunin innihélt samtals 50 spurningar í mismunandi flokkum:

1. Keppendur voru spurðir um sín einkenni, svo sem aldur, kyn og hagi.
2. Keppendur voru spurðir um upplifað og raunverulegt öryggi sitt sem hjólandi vegfarendur, sína helstu áfangastaði og upplifað öryggi við að hjóla í dreifbýli
3. Keppendur voru spurðir um upplifað og raunverulegt öryggi sitt sem hjólandi vegfarendur, sína helstu áfangastaði og upplifað öryggi við að hjóla í þéttbýli
4. Keppendur voru spurðir um upplifað og raunverulegt öryggi sitt í hjólakeppnum
5. Að endingu voru keppendur spurðir um slysasögu sína almennt sem og aðrar spurningar sem snúa að hjólreiðum almennt.

Spurningalistinn var settur upp þannig að fæstir þurftu að svara öllum 50 spurningunum. Til dæmis, þurftu einungis þeir sem lent hafa í slysi að svara spurningum sem snúa að slysasögu þeirra.

Gögnunum var safnað saman frá síðu Surveymonkey.com og gögnin greind með lýsandi tölfræði³, svo sem meðaltal og veltitöflum⁴ Öll úrvinnsla fór fram í tölfræðiforritinu R, v.3.3.1.

³ E. Descriptive statistics

⁴ E. Crosstable

3 Fyrirkomulag í erlendum hjólreiðakeppnum

3.1 Arctic race of Norway

Arctic race of Norway er hjólreiðakeppni sem stendur yfir í 4 daga, þar sem hjólreiðafólk hjólar um 730 km milli nokkurra borga í Noregi. Í ágúst 2016 fór keppnin fram í Nordland í Noregi. Mótshaldarar, í góðu samstarfi við lögregluna í Nordland, ákváðu hvar og hvernig vegum skyldi lokað á meðan keppni stóð. Lokunar áætlunin fól í sér að öll umferð var stoppuð um 1,5 klukkutíma áður en gert var ráð fyrir að fyrstu keppendur færu um svæðið. Þau ökutæki sem ekki hlýddu fyrirmælum voru stöðvuð og fylgt út af svæðinu af lögreglu. Lögreglubílar með blikkandi ljós og lögreglumótorhjól fylgdu fremsta hjólreiðafólki ásamt upplýsingabíl frá mótshöldurum. Lögreglubíll fylgdi einnig síðasta ökutæki (Letour, 2016).

3.2 Vätternrundan i Svíþjóð

Vätternrundan er samheiti fyrir nokkrar hjólreiðakeppnir sem haldnar eru í Svíþjóð og eru stærstu hjólreiðakeppnir sinnar tegundar í heiminum. Vätternrundan keppnin hefur verið haldin frá 1966 og að jafnaði taka um 40.000 manns þátt á hverju ári í einhverri af keppnunum. Stærsta keppnin er sjálf Vätternrundan þar sem hjólaðir eru 300 km (30 sænskar mílur) (Montelius, 2016). Að sögn Montelius (2016) fer Vätternrundan fram á þjóðvegum þar sem umferð er að öllu jöfnu og leggja þeir mikla áherslu á að tryggja gott aðgengi og umferðaröryggi á meðan á keppni stendur. Aðstandendur Vätternrundan hafa verið að vinna að verkefni sem heitir „30 bilglesa míl“ (sem þýðist á ylhýra, 300 umferðarlitlir kílómetrar). Verkefnið felur í sér að loka þeim vegum sem þeir nýta undir hjólreiðakeppnir og beina umferð um aðra minni vegi. Eins og staðan er í dag (2016) er verið að taka ákvörðun um þetta verkefni á pólitísku stigi. Að öllu jöfnu er um 30-40% af þeim vegum sem nýttir eru undir hjólreiðakeppnina lokaðir allri umferð nema þeim sem þar eiga erindi. Á meðan á keppni stendur er þessum vegum lokað með skiltum og/eða starfsfólki. Til að minnka umferð um aðra vegi eru sett upplýsingaskilti á stærri vegum (hraðbrautunum) þar sem vegfarendur eru hvattir til að velja aðra vegi vegna keppinnar.

Einnig er upplýsingabréfum dreift á stærri bensín- og stoppistöðvar þar sem möguleiki er á að stærri vörubílar og rútur stoppi. Íbúar í grennd fá sendan upplýsingabækling og einnig eru settar upplýsingar í blöðin um hjólreiðakeppnina. Vätternrundan býður íbúum í nærliggjandi umhverfi upp á upplýsingafundi þar sem farið er yfir lokanir og takmarkanir á umferð. Viðeigandi skilti eru notuð þar sem umferð er leidd framhjá (líkt og við merkingu vinnusvæða hjá Vegagerðinni).

4 Niðurstöður úr könnun

Nokkuð ójafnt hlutfall er á milli kynjanna þegar niðurstöður spurningalistans eru skoðaðar. Af þeim 465 sem svörðu spurningalistanum voru um 72% karlmenn og meðalaldur þeirra var 43 ár. Kvenmenn voru því 28 % svarenda og var meðalaldurinn þeirra 40 ár.

Keppendur voru einnig beðnir um að flokka það hvernig hjólreiðamanneskja þeir telja sig vera, eða færni sína. Það kemur kannski ekki á óvart en var engu að síður áhugavert að sjá að það var þó nokkur munur í fjölda hjólaðra kílómetra og hvernig fólk flokkar færni sína sem hjólreiðamanneskja. Einungis 1% svarenda (N=5) flokkuðu sig sem óreynda hjólreiðamanneskju og hjóla sem nemur 0-500 km á ári og 60% þeirra hjóla á meðan það er góð dagsbirta. Hins vegar voru um 52% svarenda sem flokkuðu sig sem „venjulega hjólreiðamanneskju“ og á meðal þeirra hjóla um 46% milli 1-3.000 km á ári. Um 44% svarenda flokkuðu sig sem keppnishjólreiðamanneskju og af þeim hjóla um 41 % meira en 5.000 km á ári og flestir, eða um 59% svarenda hjóla allan ársins hring. Það er áhugavert að sjá að tölurverður munur er á því við hvaða vegalengdir kynin skilgreina sig sem keppnishjólreiðamanneskjur. Af þeim sem hjóla undir 5000 km skilgreina 95% karla sig sem keppnishjólreiðamanneskju en aðeins 74% kvenna (Tafla 4-1).


Tafla 4-1: Tengsl á milli þess hvers konar hjólreiðamanneskju keppendur líta á sig og hversu mikið þau hjóla á ári, flokkað eftir kyni.

		0-500km	500-1.000km	1.000-3.000km	3.000-5.000km	Meira en 5.000km	Veit ekki hvað ég hjóla mikið á ári
Karl							
	Venjuleg hjólreiðamanneskja	6%	18%	48%	24%	3%	1%
	Keppnishjólreiðamanneskja	14%	30%	43%	7%	4%	1%
Kona							
	Venjuleg hjólreiðamanneskja	0%	2%	21%	31%	46%	1%
	Keppnishjólreiðamanneskja	0%	3%	30%	41%	22%	5%

4.1 Hjólreiðakeppnir

4.1.1 Öryggistilfinning og öryggi hjólreiðakeppnum á Íslandi


Svarendur voru spurðir að því hvaða þættir þeim fannst skapa hættu fyrir sig á meðan á hjólreiðakeppni stóð. Flestir voru sammála því að vörubílar og rútur voru þeir þættir sem sköpuðu mikla eða mjög mikla hættu (60%). Það helst í hendur við það að stór hluti keppenda benti á að bæta mætti fræðslu til atvinnubílstjóra. Svarendur voru sammála því að yfirborð vegar og lausamöl skapi hættu fyrir sig á meðan á keppni stóð (40% sem fannst lausamöl skapa mikla hættu fyrir sig og 9% sem fannst það skapa mjög mikla hættu). Voru margir sem bentu sérstaklega á það að hreinsa þyrfti betur í beygjum. Þetta skýrist væntanlega af því að stærsti hlutinn af þessum keppnum er utan þéttbýlis en einnig er líklegt að gangandi sýni meiri varfærni þegar þeir þvera hjólaleiðir þegar stórir hópar af hjólandi eru á ferð.



Mynd 4-1: Spurt var hvort keppandi hefði lent í slysi eða óhappi meðan á hjólreiðakeppni stóð. (N = 326)

Þættir sem sköpuðu hættu á meðan á hjólreiðakeppni stóð

Á meðan á hjólreiðakeppni stóð - upplifðir þú að eftirfarandi þættir sköpuðu hættu fyrir þig?




Mynd 4-2: Svör keppenda um hvort þeim fannst að ákveðnir þættir hefðu skapað mikla/enga hættu á meðan á hjólreiðakeppni stóð (N = 320)

Spurt var hvort keppendur hefðu lent í slysi/óhappi meðan á hjólreiðakeppni stóð eða hvort þeir hefðu verið nálægt því. Um 6% lentu í slysi/óhappi í keppni en 18% voru nálægt því að lenda í slysi/óhappi.

Einnig var spurt hvers konar slysi/óhappi þau hefðu lent í, en þar sem sumir höfðu lent í fleiri en einu atviki þá var hægt að haka við fleiri en einn svarmöguleika. Af þeim 74 sem svöruðu því játandi að hafa lent í slysi/óhappi voru flestir (57%) sem höfðu lent í árekstri við annað hjólreiðafólk (Mynd 4-3). Næst algengust voru fallslysi hjá um 46% þeirra sem lent höfðu í atviki. Um 14% þeirra sem lent höfðu í slysi/atviki lentu í árekstri við fólksbifreið eða vörubifreið.


Hvers konar slys/atvik? (hægt að velja fleiri en einn valmöguleika)



Mynd 4-3: Tegund slysa eða óhapp sem keppendur lentu í, í hjólreiðarkeppnum (N = 74)

Þó að flest slysin/óhöppin verði við árekstur við annað hjólreiðarfólk, þá mátu flestir það sem svo að ökutæki sköpuðu mest hættu á meðan á hjólreiðakeppni stóð (Mynd 4-4). Aðrir þættir sem

sköpuðu hættu/slys voru meðal annars að hjólað var of nálægt næstu hjólreiðamanneskju og lausamöl á veginum.




Mynd 4-4: Þættir sem sköpuðu hættu í hjólreiðakeppnum að mati keppenda (N = 71)

4.1.2 Fyrirkomulag í íslenskum hjólreiðakeppnum

Svarendur voru spurðir nokkurra spurninga um fyrirkomulag keppna á Íslandi og hvað þeir telja að megi betur fara til að tryggja öryggi þeirra á meðan á keppni stendur. Flestir af þeim sem svöruðu höfðu tekið þátt í fleiri en einni keppni árið 2016 (66% svarenda). Ekki var spurt sérstaklega að einni sérstakri keppni og hvernig bæta mætti aðstæður í þeirri keppni. Frekar var tekinn sá pól í hæðina að biðja svarendur um að svara um hjólreiðakeppnir almennt.

Þátttakendur voru spurðir að því hversu sammála þeir væru því að aðstandendur hjólreiðakeppnanna hefðu getað gert meira til að bæta öryggi sitt á meðan á hjólreiðakeppni stóð.

Flestir svarendur voru sammála eða mjög sammála því að aðstandendur hefðu getað gert meira til að bæta öryggi sitt meðan á keppni stóð (41%). 20% svarenda voru þó ósammála því að aðstandendur þyrftu að gera meira til bæta öryggi (sjá Mynd 4-5).




Mynd 4-5: Niðurstöður svara varðandi bætt öryggi í hjólreiðarkeppnum (N = 321)

Svarendur voru einnig spurðir að því hvað þeir telji að aðstandendur gætu gert til að tryggja betur öryggi keppenda í hjólreiðakeppnum. Spurningin var opin og máttu svarendur svara með eigin texta. Þannig gat sama manneskjan bent á marga þætti sem gætu farið betur. Út frá greiningu á þeim gögnum voru flestir sammála því að vissum götum/vegum mætti loka fyrir umferð (sjá Mynd 4-6). Þetta á ekki við um allar keppnir eða allar götur/vegi, einungis þær götur/vegi þar sem umferð er mikil. Sérstaklega var minnst á að aðstæður í Hvalfirðinum í WOW cyclothon hefðu verið erfiða og hættulegar sökum fjölda hjólreiðafólks á sama tíma í firðinum en einnig stungu nokkrir upp á því að Krýsuvíkurvegi yrði lokað meðan á WOW cyclothon stendur. Annað sem var mikið nefnt var að það þyrfti að auglýsa betur fyrir atvinnubílstjórum (flutningabíla, sendiferðabíla og rútna) að keppni verði í gangi á ákveðnum tíma. Þannig væri hægt að biðja bílstjórana um að reyna eftir fremsta megni að fara aðrar leiðir, ferðast á öðrum tíma, vera með varan á og hafa þolinmæði.

Um 22% svarenda höfðu orð á því að það mættu vera strangari reglur í hjólreiðakeppnunum fyrir keppnisliðin. Þannig hafi bílstjórar fylgibíla fyrir keppendur í einhverjum keppnum verið að keyra glæfralega og margir höfðu orð á því að það þyrfti að setja reglur fyrir bílstjórana er varða svefn. Einnig þyrfti að endurskoða reglur sem lúta að innaskiptingum þar sem stærri lið/hópar væru að keppa. Töldu svarendur einnig að það þyrfti að brýna betur fyrir keppendum að huga að almennu öryggi, t.d. að vera ekki með skiptingar á köflum þar sem framúrakstur er bannaður.

Atriði sem geta tryggt betur öryggi í hjólreiðakeppnum

32. Hvað telur þú að aðstandendur hefðu getað gert til að tryggja öryggi þitt á meðan hjólreiðakeppni stóð?




Mynd 4-6: Atriði sem svarendur telja að geti betur tryggt öryggi í hjólreiðakeppnum. Hlutfall svara er stærra en 100% þar sem svarendur máttu nefna eins marga þætti og þeir vildu (N=165)

4.2 Hjólreiðar í dreifbýli

Af þeim sem svöruðu spurningalistanum voru um 95% sem hjóla í dreifbýli (N = 435). Flestir þeirra hjóla einstaka sinnum í dreifbýli (57%) og dágóður hluti hjólar einu sinni í viku eða oftar (12%). Flestir svarenda hjóla í dreifbýli sem hluti af útivist, æfingum fyrir hjólreiðakeppni eða líkamsþjálfun (svarendur fengu að velja meira en einn þátt). Einungis 13% þeirra sem svöruðu spurningalistanum notast við hjólreiðar í dreifbýli til að komast til eða frá vinnu.


Hvert er markmið þitt með hjólreiðum í dreifbýli?



Mynd 4-7: Markmið með hjólreiðum í dreifbýli (N = 375)

4.2.1 Upplifun af hjólreiðum í dreifbýli


Almennt virðist fólki líða vel með að hjóla í dreifbýli. Þó er greinilegt að fólk upplifir sig mun öruggar sem hjólreiðarfólki í þéttbýli en í dreifbýli en 43% upplifa hjólreiðar í dreifbýli sem hættulegar en 18% hjólreiðar í þéttbýli. Að sama skapi er það upplifun 44% svarenda að hjólreiðar í þéttbýli séu öruggar en um 17% að hjólreiðar í dreifbýli séu öruggar (Mynd 4-8).



Mynd 4-8: Upplifun hjólreiðafólks af því að hjóla í þéttbýli vs. dreifbýli. Ekki var kannað hvort það væri marktækur munur á milli þessara tveggja þátta. (Dreifbýli N = 370, þéttbýli N = 352)

Þó að þetta margir upplifi hjólreiðar í dreifbýli sem hættulegar eru það einungis 5% svarenda sem hjóla aldrei í dreifbýli. Þessar niðurstöður ber þó að taka með fyrirvara vegna eðlis spurningalistans (keppendur voru að taka þátt í hjólreiðakeppnum sem fara fram í dreifbýli og gætu því verið líklegri til að hjóla í dreifbýli). Helstu ástæður fyrir því að hjóla ekki í dreifbýli eru vegna öryggisástæðna („Þjóðvegir eru illa hannaðir fyrir hjólreiðar“ og „Fólksbifreiðar ógna öryggi mínu“) en einnig hafa hlutir eins og veðurfar og fjarlægðir líka áhrif (Mynd 4-9).


Ástæður fyrir því að hjóla aldrei í dreifbýli




Mynd 4-9: Ástæður fyrir því að vilja ekki hjóla í dreifbýli (N = 17)

Spurt var út í það hvernig upplifunin af hjólreiðum í dreifbýli væri, hvað skapaði hættu, hversu oft það bæri við að svarendur lentu í hættulegu atviki og hvað mætti gera til að bæta hjólreiðar í dreifbýli.

Langflestir voru á því vöruflutningsbifreiðir og rútur væri það sem skapaði mesta hættu í dreifbýlinu en 88% sögðu að það skapaði mjög mikla eða mikla hættu (Mynd 4-10). Strax þar á eftir var ónægðætni við framúrakstur en 76% svarenda sögðust hafa upplifað það oft eða mjög oft að ökumenn væru of nálægt þegar þeir tækju fram úr (Mynd 4-11). Lausamöl á götum og lélegt yfirborð vegar er einnig atriði sem margir telja að valdi mjög mikilli eða mikilli hættu og hafa margir upplifað það sem vandamál.




Mynd 4-10: Þættir sem skapa hættu við hjólréiðar í dreifbýli (N = 366)



Mynd 4-11: Tíðni þeirra vandamála sem skapa hættu við hjólréiðar í dreifbýli (N = 368)

Spurt var hvort svarendur teldu að hönnun vegarins skapaði hættu. Var þá átt við hönnunarþætti svo sem beygjur, hæðarbreytingar og sjónlengdir). Ekki voru margir sem töldu að hönnun vegarins skapi mikla hættu. Ef hinsvegar skoðað er hver upplifun aðspurðra er af því að hjóla á mismunandi tegundum vega sést að aðspurðir telja að vissar vegtegundir séu hættulegar, sjá Mynd 4-12. Var það sérstaklega þjóðvegur 1 án vegaxla sem 92% upplifðu sem hættulegan eða mjög hættulegan. Öryggistilfinningin var mun meiri þegar það voru axlir á þjóðveginum en um 53% töldu að þjóðvegur 1 með vegöxlum væri hættulegur eða mjög hættulegur. Örugast taldi fólk sig vera á 2+2 vegum með vegöxlum.


Tegundir vega



Mynd 4-12: Upplifun af að hjóla á mismunandi vegtegundum í dreifbýli (N = 369)

Þátttakendur voru beðnir að svara því hversu mikilvægir eftirfarandi þættir væru: að finna fyrir öryggistilfinningu við hjólreiðar í dreifbýli, að ekki væri of mikil bílaumferð, að götur væru hreinar (án lausamalar) og gæði malbiks (Mynd 4-13). Svarendum fannst að allir þessi þættir væru mjög mikilvægir eða mikilvægi en hreinar götur var þó það sem flestum fannst mjög mikilvægt sem er áhugavert í ljósi þess að ökumenn eru það sem flestum finnst skapa hættu í dreifbýli og hefði því ekki komið á óvart að fjöldi bíla væri það sem fengi mesta vægi.

Mikilvægir þættir við hjólreiðar í dreifbýli




Mynd 4-13: Mikilvægi þátta við hjólreiðar í dreifbýli (N = 370)

Einnig var spurt hvernig þátttakandi teldi að bæta mætti aðstæður fyrir hjólreiðafólk utan þéttbýlis. Tekin voru saman þau helstu atriði sem nefnd voru. Margir óskuðu eftir sér hjólreiðastígum, sér í lagi á umferðarþyngstu köflum í nágrenni höfuðborgarinnar, en flestir voru á því að það væri til mikilla bóta að breikka vegaxlir. Í því samhengi var einnig minnst á það hversu vondar rifflur væru fyrir hjólreiðarfólk, að frágang axla mætti í mörgum tilfellum bæta því stundum enduðu þær skyndilega og margir minntust á að hreinsun axla mætti bæta.

Hvað má gera til að bæta aðstæður fyrir hjólreiðar í dreifbýli

Hvernig telur þú að bæta megi aðstæður fyrir hjólreiðafólk til að hjóla utan þéttbýlis?




Mynd 4-14: Hvað má gera til að bæta aðstæður fyrir hjólreiðar í dreifbýli (N = 266), nefna mátti fleira en eitt atriði

4.2.2 Fjöldi slysa/óhappa á meðal hjólreiðafólks í dreifbýli

Aðspurðir þá höfðu um 26% svarenda (N = 123) lent einu sinni eða oftar í slysi við hjólreiðar í dreifbýli (fyrir utan hjólreiðakeppnir). Af þeim slysum sem urðu, höfðu einungis 13% þeirra verið tilkynnt til lögreglu (N = 16) en það er velþekkt að hjólreiðaslys eru vanskráð. Svarendur voru einnig spurðir að því hversu alvarleg slysin voru og hvert var alvarlegast slysið. Um 21% svarenda hlaut engin meiðsl við slysið og um 7% svöruðu að þeir hlutu varanleg meiðsl. Af þeim sem hlutu varanleg meiðsl hafði einungis eitt þeirra verið tilkynnt til lögreglu (14% slysa með varanleg mein). Svarendur voru einnig spurðir að því hvaða slys hefði verið alvarlegast. Af þeim sem svöruðu sögðu um 70% að alvarlegasta slysið hefði verið fallslys (Mynd 4-15).

Hvers konar slys var það alvarlegasta?




Mynd 4-15: Hlutfall þeirra slysa sem voru alvarlegust á meðal svarenda (N = 122)

4.2.3 Notkun öryggisbúnaðar

Af þeim sem hjóla reglulega í dreifbýli (N = 375) nota nánast allir alltaf hjólreiðahjálms eða 99% (N = 370). Hins vegar eru færri sem notast við endurskinsfatnað eða áberandi klæðnað (43% alltaf og 36% sem nota það oft). Einungis 39% svarenda nota bjöllu oft eða alltaf við hjólreiðar í dreifbýli.


Við hjólreiðar í dreifbýli - notast þú við eitthvað af eftirfarandi?

9. Við hjólreiðar í dreifbýli - notast þú við eitthvað af eftirfarandi? (1 Aldrei- 5 Alltaf)



Mynd 4-16: Myndin sýnir hversu algengt það er að hjólreiðarfólk (sem hjólar í dreifbýli) notist við mismunandi öryggisbúnað (N = 200)

